



Stífla Þverárvirkjunar

Ljósm. Rafn Sigurbjörnsson hjá Rafteikningu hf.

# ÁRSSKÝRSLA 2003



**ORKUBÚ VESTFJARÐA HF.**

26. STARFSÁR

## EFNISYFIRLIT

Af Innra-neti .....	2
Stjórn og stjórnskipulag .....	3
Formáli .....	4
Ávarp stjórnarformanns .....	5
Helstu framkvæmdir 2003 .....	6
Helstu framkvæmdir 2004 .....	7
Íbúafjöldi á orkuveitusvæði O.V. ...	8
Ársreikningur .....	9-23
Rafmagn í 100 ár .....	24-25
Raforkukerfi .....	26-32
Raforkukerfi Orkubús Vestfjarða ....	26
Rekstrartruflanir .....	27
Vatnsaflsvirkjanir .....	28
Kyndistöðvar .....	29
Díselstöðvar .....	30
Orkuöflun og orkuverð .....	31
Orkusala .....	32

## Skammstafanir

KV	= kílóvolt	= 1.000 volt
kW	= kílówatt	= 1.000 wött
MW	= megawatt	= 1.000 kW
kVA	= kílóvoltamper	= 1.000 voltamper
MVA	= megavoltamper	= 1.000 kVA
kWh	= kílówattstund	= 1.000 wattstundir
MWh	= megawattstund	= 1.000 kWh
GWh	= gígawattstund	= 1.000 MWh
GI	= gígalítrar	= 1.000 milljónir lítra

Forsíðumynd: Mats Wibe Lund, Fljótavík

Baksíðumynd: Mats Wibe Lund, Stapaðalur, Arnarfirði

Umsjón: Orkubú Vestfjarða

Hönnun, umbrot og prentvinnsla: Ísafoldarprents miðja ehf.

## Af Innra-neti Orkubúsins

Á innra-neti Orkubús Vestfjarða eru ýmsar upplýsingar fyrir starfsmenn Orkubúsins. Þar á meðal eru fréttir og hér kemur ein slík frétt.

### Kunnáttumannanámskeið

Fimmtudaginn 11. september var haldið kunnáttumannanámskeið í Engidal. Leiðbeinandi var Hreinn Jónasson en námskeiðið var á vegum Rafiðnaðarskólans.

#### Lýsing:

Þátttakendur öðlast þá þekkingu á öryggis- og verklagsreglum, sem krafist er til þess að geta á fullnægjandi hátt leyst af hendi vinnu við raforkuvirkni.

#### Innhald:

Á námskeiðinu er farið yfir ákvæði gildandi reglugerða varðandi vinnu við raforkuvirkni og túlkun þeirra auk verklagsreglna Löggildingarstofu. Auk þess eru kynntar verklagsreglur sem samstarfsnefnd á vegum Samorku hefur samið um samræmd vinnubrögð við rof og undirbúning vinnu við kerfishluta eða rekstrareiningar, þar sem lögð er áhersla á samræmd vinnubrögð.

R.E. 12.09.2003



Kunnáttumannanámskeið.




# STJÓRN OG STJÓRNSKIPULAG

Formaður: *Guðmundur Jóhannsson*  
Varaformaður: *Þorsteinn Jóhannesson*  
Ritari: *Ólafur Þ. Benediktsson*  
*Haraldur V. Jónsson*  
*Björgvin Sigurjónsson*

Varamenn: *Ragnheiður Hákonardóttir*  
*Jón Þórðarson*  
*Smári Haraldsson*  
*Guðmundur St. Björgmundsson*  
*Þórir Örn Guðmundsson*

Orkubússtjóri: *Kristján Haraldsson*

**Deildarstjórar:**  
Fjármáladeild: *Bjarni Sólbergsson*  
Rekstrardeild: *Jakob Ólafsson*  
Tæknideild: *Sölvi Rúnar Sólbergsson*



Námskeið í rekstrarskoðun stöðva.



Snjóflóðaleitarnámskeið.



## FORMÁLI

Á síðast liðnu ári samþykkti Alþingi ný raforkulög og leiða þau lög óhjákvæmilega til nokkurra skipulagsbreytinga innan Orkubús Vestfjarða. Við gerð hins nýja skipulags fyrirtækisins var valin sú leið að uppfylla öll skilyrði sem hin nýju lög setja en gera það með lágmarksbreytingum á ríkjandi skipuriti. Jafnframt var ákveðið að engum starfsmanni yrði sagt upp vegna þessara skipulagsbreytinga. Áætlað er að nýtt skipurit Orkubús Vestfjarða taki gildi um mitt þetta ár.

Árið 2003 var mjög gott ár fyrir rekstur Orkubús Vestfjarða. Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins var sú mesta á einu ári í 26 ára sögu fyrirtækisins og ekki urðu nein stærri rekstraraföll í flutningskerfum raforkunnar. Þetta má þakka góðu tíðarfari, endurbyggingu Þverárvirkjunar og markvissu starfi undanfarinna ára við að styrkja flutningskerfin með því að leggja jarðstrengi í stað háspennulína á ísingarsvæðum og flytja háspennulínur af svæðum þar sem hætta var á snjóflóðum eða styrkja þær sérstaklega.

Á árinu 2003 var 194,1 Mkr. varið til fjárfestinga, þar af voru tengigjöld og vinna greidd af öðrum 44,3 Mkr. Stöðvarhús Mjólkárvirkjunar var stækkað vegna fyrirhug-aðrar endurnýjunar á búnaði virkjunarnar. Aðveisustöðin á Hólmavík var endurnýjuð og unnið var að endurnýjun á elstu hlutum fargæslubúnaðar fyrirtækisins. Lokið var við endurnýjun háspennulínunnar milli Keldeyrar og Patreksfjarðar og er hún nú tilbúinn fyrir spennuhækken um 66 kV. Þá var lagður 66 kV háspennustrengur í stað línu frá Seljalandi að Stórurð fyrir ofan Ísafjörð og lagður um 7 km langur hásennustrengur að virkjunum Hvestuveitu í Arnarfirði. Af öðrum framkvæmdum má nefna endurbætur á dreifikerfi raforku í péttbýli, stækkun dreifikerfis hitaveitu og endurbyggingu ýmissa aðveisulína. Einnig má geta þess að unnið var við athugun á Tunguvirkjun (670 kW). Allar fjárfestingar voru kostaðar af eigin fé fyrirtækisins eða greiddar af þeim sem þeirra óskuðu.

Heildarorkuöflun fyrirtækisins minnkaði um 2,4% frá fyrra ári og nam alls 231,7 GWh. Eigin orkuvinnsla var 91,7 GWh eða 39,6%, sem er framleiðslumet eins og fyrr segir, og orkuþáup af Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Sængurfossvirkjun, Dalsorku, Tunguvirkjun og Funa voru 140,0 GWh eða 60,4% af heildarorkuöfluninni.

Orkusala minnkaði um 4,2% frá fyrra ári og nam alls 192,5 GWh og má skýra þessa minnkun með því hversu hlýtt árið 2003 var en orkusala til húshitunar minnkaði um 7,5%. Til húshitunar voru seldar 126,5 GWh sem er 65,7% af heildarorkusölu fyrirtækisins. Á alla orkusölu, nema húshitun, er lagður 24,5% virðisaukaskattur. Á húshitun er lagður 14% virðisaukaskattur, en 63% skattsins eru endurgreidd á veitusvæði Orkubúsins. Álagður skattur á húshitun er því 5,18% nettó.

Með hliðsjón af hækken gjaldskrár Landsvirkjunar um 2,0% frá 1. ágúst á sl. ári og almennum hækkenum verðlags voru gjaldskrár Orkubús Vestfjarða hækkaðar um 2,0% frá sama tíma.

Á árinu 2003 varð afkoma Orkubús Vestfjarða heldur betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstraráætlun ársins gerði ráð fyrir rekstrartapi að upphæð 112 Mkr. en samkvæmt rekstrarrekningi varð tap af rekstri, sem nam um 86 Mkr. Afskriftir námu alls 316 Mkr. Eignir fyrirtækisins í árslok 2003 voru alls 4.517 Mkr. og heildarskuldir 417 Mkr. Eigið fé nam því alls 4.100 Mkr. sem er um 90,8% af heildafjármagni.

Kristján Haraldsson  
orkubússtjóri



Nýtt horn í 66 kV línu, Dýrafirði.



# ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Rekstur Orkubús Vestfjarða gekk mjög vel á árinu 2003. Raforkuframleiðsla eigin vatnsaflsvirkjana Orkubúsins hefur aldrei verið meiri en það má einkum þakka hagstæðu tíðarfari og stækjun og endurbyggingu Þverárvirkjunar. Að öðru leyti var rekstur Orkubúsins svipaður og undanfarin ár.

Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2003 varð 85,7 Mkr. tap á rekstri Orkubúsins en tapið hafði verið áætlað 112 Mkr. í fjárhagsáætlun. Í raun hefur Orkubúið verið rekið á „greiðslugrunni“ undanfarin ár. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti var tæpar 211 Mkr. Afskriftir fastafjármuna námu alls um 316 Mkr. Útlit er fyrir að afskriftir fari lækkandi á næstu árum, þar sem styttilt í að afskriftatíma ýmissa stórra eigna ljúki. Orkubúið fjármagnar nú fjárfestingar sínar með eigin fé fyrirtækisins. Veltufé frá rekstri var um 248 Mkr. á árinu 2003.

Ríkið er nú eigandi að öllum hlutabréfum í Orkubúi Vestfjarða hf. Með tilkomu nýrra raforkulaga er eðlilegt ríkið hugi að eign sinni í orkuþyrtækjum almennt og hvort ástæða sé til skipulagsbreytinga í orkugeiranum. Ekki liggja fyrir ákvarðanir í þeim efnunum en ætla má að við ákvarðanir um það verði tekið mið af því að auka hagræðingu og samkeppni en gæta jafnframt byggðasjónarmiða.

Ný raforkulög hafa í för með sér að greina þarf á milli vinnslu, flutnings, dreifingar og sölu hjá raforkufyrirtækjum. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp, sem felur m.a. í sér að stofnað verði sérstakt fyrirtæki um flutningskerfi raforku á Íslandi um næstu áramót.

Jafnframt hefur verið lagt fram frumvarp um jöfnun kostnaðar við dreifingu á raforku. Samkvæmt því geta dreifiveitur sótt um það til Orkustofnunar að hafa sérstaka dreifbýlisgjaldskrá á svæðum þar sem kostnaður við dreifingu er sannanlega hærri en í þéttbýli. Gert er ráð fyrir að ríkið greiði niður dreifingarkostnað þar.

Orkubúið hefur brugðist við breyttu rekstrarumhverfi með því að ráðast í skipulagsbreytingar innan fyrirtækisins. Jafnframt er unnið að því að aðgreina vinnslu, flutning og dreifingu í bókhaldi fyrirtækisins. Tilgangurinn er m.a. sá að draga fram með skýrum hætti kostnað og tekjur við

hvern þessara rekstrarþátta og gera þannig reksturinn „gegnsærri“.

Stjórn Orkubúsins fór síðasta haust um Vestfirði og átti fundi með sveitarstjórnarmönnum. Þær viðræður voru mjög gagnlegar og er greinilegt að heimamenn bera mikinn hlýhug til fyrirtækisins. Ýmsar ábendingar komu þar fram en almennt virtust menn vera sáttir við störf fyrirtækisins og orkuverð. Er það enn ein staðfesting þess, að vel hafi til tekist með starfsemi Orkubús Vestfjarða á þeim rúma aldarfjórungi sem það hefur starfað.

Að lokum er stjórn og starfsfólk Orkubúsins þakkað gott samstarf á liðnu starfsári.

Guðmundur Jóhannsson



72 kV strengur dregin út á Ísafirði.



# HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2003

## Háspennulínur og strengir:

Lokið við endurnýjun Patreksfjarðarlínu fyrir spennuhækkun í 66 kV, 1,8 km kafli byggður nýr og einangrarskipti á þeim hluta þar sem ekki hefur verið endurnýjað með tvístæðum. Grafinn 3 km 72 kV jarðstrengur á Ísafirði frá snjóflóðagarði við Seljalandsmúla að aðveitustöð Stóruröd.

Minniháttar lagfæringerar á Tálknafjarðarlínu og endurnýjuð tvö horn Breiðadalslínu 1. Lokið við lagningu jarðstrengs frá Hólmavík að Ósi, Steingrímsfirði.

## Aðveitustöðvar og fjargæslukerfi:

Nýr afspennir 33/11 kV 6,3 MVA settur fyrir aðveitustöðina á Hólmavík auk sex 12 kV aflrofa. Útstöðvar fjargæslu í aðveitustöð Stóruröd og deilistöð Ísafirði endurnýjaðar, ný útstöð sett upp í kyndistöð Bolungarvík.

## Innanbæjarkerfi:

Endurnýjaður búnaðar í spennistöð Engjavegi og nýtt 11 kV rofafelt í spennistöð Aðalstræti, Ísafirði. Ný spennistöð á Flateyrarodda. Lagðir háspennustrengir við Kálfaneslæk á Hólmavík.

## Kyndistöðvar og varaafilstöðvar:

Endurnýjaður olíuketill og skorsteinn á Flateyri. Tvær af þremur díselvélum fjarlægðar og minnkaði varaaflið um 550 kW.

## Virkjanir:

Samið um kaup á orku frá nýrri 1,4 MW virkjun í Hvestu, Arnarfirði og grafinn jarðstrengur 7,2 km frá virkjun að aðveitustöð Bíldudal. Ennfremur ný spennistöð við Hvestuvirkjun.

Undirbúningsframkvæmdir og hönnun á 670 kW virkjun í Tungudal á Ísafirði.

## Fasteignir:

Vinna hafin við stækkan á stöðvarhúsi Mjólkárvirkjunar um rúma 50 m<sup>2</sup> vegna fyrihugaðs endurnýjunar á stjórn-búnaði.

## Rannsóknir:

Áframhaldandi vatna- og ísingarmælingar.

## Annað:

Áframhaldandi þróun á tölvukerfum og endurnýjun á 3 bílum.



Endurbætur á stíflu Mýrararvirkyjunar.



Nýr 2 MW olíuketill á Flateyri.



# HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2004

## Háspennulínur og strengir:

Endurbætur á Bolungarvíkurlínu 2, Ísafjörður - Bolungarvík. Auka þarf flutningsgetu hennar í áföngum. Endurbætur á Súðavíkurlínu. Plægður 1,8 km 12 kV strengur frá rafstöð Reykhólum að Höllustöðum.

## Aðveitustöðvar og fjargæslukerfi:

Ný útstöð vegna fjargæslu sett upp í kyndistöð Suðureyri og núverandi útstöð í aðveitustöðinni í Breiðadal skipt út. Endurnýjuð útstöð í Mjólká ásamt uppsetningu á nýju sambandi við Hólmavík, Ísafjörð og Patreksfjörð.

## Innanbæjarkerfi:

Lagður 240q 11 kV jarðstrengur frá hringtorgi Ísafjörð að spennistöð Stakkanesi, þar sem endurnýjaður verður búnaður. Hitaveita og rafmagnslagnir m.a. spennistöð í nýtt hverfi við Tunguskeið Ísafjörð.

Endurnýjaðir háspennurofar í deilistöð Bolungarvík. Tvær nýjar spennistöðvar ásamt rofafelti settar upp á Reykhólum.

## Kyndistöðvar og varaaflstöðvar:

Skorsteinar kyndistöð Ísafirði endurnýjaðir. Útboð á véla-spenni vél I Ísafirði.

## Virkjanir:

Áframhaldandi framkvæmdir við 670 kW virkjun í Tungudal á Ísafirði. Undirbúningsframkvæmdir á endurnýjun stjórnþúnaðar vélar II í Mjólká.

## Fasteignir:

Lokið við framkvæmdir vegna stækkunar á stöðvarhúsi Mjólkárvirkjunar um rúma 50 m<sup>2</sup> vegna endurnýjunar á stjórnþúnaði.

## Rannsóknir:

Jarðhitaleit á suðursvæði Vestfjarða. Áframhaldandi vatna- og ísingarmælingar.

## Annað:

Áframhaldandi þróun á tölvukerfum og endurnýjun á bílum.



Nýbygging við Mjólkárvirkjun.



Málin rædd í spennistöð Hvestuvirkjunar.

# ÍBÚAFJÖLDI Á ORKUVEITUSVÆÐI ORKUBÚS VESTFJARÐA



Íbúatala 1.12.2003	Breyting frá 1.12.2002	Íbúatala 1.12.2002	Breyting frá 1.12.2001
-----------------------	---------------------------	-----------------------	---------------------------

## Svæði I:

Bolungarvík .....	944	-13	957	-1
Ísafjarðarbær .....	4.127	-26	4.153	-28
Súðavíkurhreppur .....	229	-5	234	11
<b>Samtals svæði I</b>	<b>5.300</b>	<b>-44</b>	<b>5.344</b>	<b>-18</b>

## Svæði II:


Tálknafjarðarhreppur .....	349	3	346	-26
Vesturbyggð .....	1.073	-47	1.120	-14
<b>Samtals svæði II</b>	<b>1.422</b>	<b>-44</b>	<b>1.466</b>	<b>-40</b>

## Svæði III:

Árneshreppur .....	56	-3	59	
Broddaneshreppur .....	54	-9	63	-7
Bæjarhreppur .....	101	7	94	-13
Hólmavíkurhreppur .....	494	14	480	8
Kaldrananeshreppur .....	125	-7	132	
Reykhólahreppur .....	283	-9	292	-12
<b>Samtals svæði III</b>	<b>1.113</b>	<b>-7</b>	<b>1.120</b>	<b>-24</b>

Vestfirðir samtals	7.835	-95	7.930	-82
--------------------	-------	-----	-------	-----

Orkunotkun pr. íbúa 1978-2003





Stífla Þverárvirkjunar

Ljósm. Rafn Sigurbjörnsson hjá Rafteikningu hf.

# ÁRSREIKNINGUR 2003



**ORKUBÚ VESTFJARÐA HF.**

---



## EFNISYFIRLIT

Skyrsla og áritun stjórnar og orkubússtjóra . . . . .	11
Áritun endurskoðenda . . . . .	12
Rekstrarreikningur . . . . .	13
Efnahagsreikningur . . . . .	14-15
Sjóðstreymi . . . . .	16
Skyringar og sundurliðanir . . . . .	17-22
Rekstrar- og efnahagsstærðir . . . . .	23



Jakob Ólafsson við rafhrút á Brjánslæk.



# SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG ORKUBÚSSTJÓRA

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Sú breyting er á ársreikningnum frá fyrra árum að leiðréttigar vegna fyrra árs eru færðar yfir óráðstafað eigið fé. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð. Að öðru leyti er fylgt í öllum meginatriðum sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Á árinu 2003 varð tap af rekstri Orkubús Vestfjarða hf. sem nam 85,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eignir Orkubús Vestfjarða hf. í árslok 2003 voru alls 4.517 millj. kr. og heildarskuldir alls 417 millj. kr. Eigið fé nam því alls 4.100 millj. kr. sem er um 90,8% af heildarfjármagni.

Eigandi Orkubús Vestfjarða hf. er Ríkissjóður Íslands.

Árið 2003 var mjög gott ár fyrir rekstur Orkubús Vestfjarða hf. Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins var 7 GWh yfir meðaltali og er þetta besta framleiðsluár Orkubúsins.

Unnið var áfram að virkjunarrannsóknum á Glámuhlendinu og á Ófeigsfjarðarheiði. Þverárvirkjun var í fullum rekstri allt árið eftir endurnýjun og unnið var við frágang utan og innanhús þar.

Orkubúið hefur óskað eftir leyfi hjá Ísafjarðarbæ fyrir 670 kW virkjun í Tungudal í Skutulsfirði.

Alþingi samþykkti ný raforkulög þann 15. mars 2003. Þessi lög munu valda nokkrum breytingum á rekstri Orkubús Vestfjarða hf. á næstu árum. Gera má ráð fyrir að Orkubúið leigi/selji/eða leggi til fyrirtækis sem sér um landsnetið allar 66 kV línur.

Stjórn og orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða hf. staðfesta hér með ársreikning Orkubús Vestfjarða hf. fyrir árið 2003.

Ísafirði, 31. mars 2004

Guðmundur Jóhannsson  
stjórnarformaður

Þorsteinn Jóhannesson

Ólafur P. Benediktsson

Haraldur V. Jónsson

Björgvin Sigurjónsson

Kristján Haraldsson  
*orkubússtjóri*



# ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar Orkubús Vestfjarða hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Orkubús Vestfjarða hf. fyrir árið 2003 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-30. Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnenda félagsins og lagður fram í samræmi við starfsskyldur þeirra. Okkur ber að láta í ljós álit á ársreikningnum og byggja það á endurskoðun okkar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskila- og matsreglum, sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að við endurskoðunina hafi fengist nægilega traustar upplýsingar til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Orkubús Vestfjarða hf. á árinu 2003, efnahag þess 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög, samþykktir og góða reikningsskilavenju.

Ísafirði, 31. mars 2004

Löggiltir Endurskoðendur  
Vestfjörðum ehf.

Guðmundur E. Kjartansson  
*endurskoðandi*



# REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2003

## Rekstrartekjur:

	Skýr.	2003 þús. kr.	2002 þús. kr.
Raforkusala . . . . .	21	662.002	658.935
Sala á heitu vatni . . . . .	22	285.480	296.979
Tengigjöld . . . . .	2	44.314	14.915
Aðrar tekjur . . . . .		18.981	10.355
		<u>1.010.777</u>	<u>981.184</u>

## Rekstrargjöld:

### Rekstur raforkukerfis:

Orkuver . . . . .	23	96.714	97.782
Raforkukaup . . . . .	24	235.732	240.926
Raforkuflutningur . . . . .	25	30.469	30.444
Aðveit- og dreifikerfi . . . . .	26	126.075	107.071
		<u>488.990</u>	<u>476.223</u>

### Rekstur hitaveitukerfis:

Raforkukaup . . . . .		54.890	53.967
Kyndistöðvar og borholur . . . . .		31.481	36.312
Dreifikerfi . . . . .		13.021	18.438
		<u>99.392</u>	<u>108.717</u>

Sameiginlegur rekstrarkostnaður . . . . .	4, 30	211.722	192.429
		<u>800.104</u>	<u>777.369</u>

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti . . . . .		210.673	203.815
--	--	---------	---------

Afskriftir . . . . .	6, 7	316.094	309.959
----------------------	------	---------	---------

Tap án fjármunatekna og (fjármagnsgjálfa) . . . . .		( 105.423 )	( 106.144 )
---	--	-------------	-------------

## Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur og verðbætur . . . . .		26.682	25.677
Vaxtagjöld . . . . .		( 4.361 )	( 7.103 )
Fjármagnstekjuskattur . . . . .	20	( 2.562 )	( 2.457 )
		<u>19.759</u>	<u>16.117</u>
	<b>Tap</b>	<b>13</b>	<b>( 85.662 )</b>
			<b>( 90.027 )</b>

# EFNAHAGSREIKNINGUR

## Eignir

		2003	2002
	Skyr.	þús. kr.	þús. kr.
<b>Fastafjármunir:</b>			
Óefnislegar eignir:			
Virkjanarannsóknir .....	1, 6	52.926	55.637
Varanlegir rekstrarfjármunir:	1, 7		
Raforkukerfi .....		2.794.039	2.880.825
Hitaveitukerfi .....		407.217	442.619
Aðrir rekstrarfjármunir .....		660.887	658.574
		<u>3.862.143</u>	<u>3.982.018</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Hlutabréf .....	11	2.275	9.351
Fyrirframgreidd orkukaup v/Funlagnar .....	12	6.786	12.445
Áætluð næsta árs orkukaup v/Funlagnar .....	(	2.800)	( 2.800)
		6.261	18.996
<b>Fastafjármunir</b>		<u>3.921.330</u>	<u>4.056.651</u>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Vörubirgðir .....	5	82.866	76.978
Skammtímakröfur: .....	4		
Útistandandi orkureikningar .....	27	184.498	189.607
Aðrar skammtímakröfur .....	28	288.420	240.284
Áætluð næsta árs orkukaup v/Funlagnar .....	12	2.800	2.800
Handbært fé .....		37.092	20.462
<b>Veltufjármunir</b>		<u>595.676</u>	<u>530.131</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>4.517.006</u>	<u>4.586.782</u>



## 31. DESEMBER 2003

### Skuldir og eigið fé

		2003	2002
	Skýr.	þús. kr.	þús. kr.
Eigið fé:			
Eigið fé .....	13	4.099.759	4.196.076

### Skuldbindingar:

Lífeyrisskuldbinding .....	14	265.945	241.162
Víkjandi lán .....	15	28.429	26.527
		<u>294.374</u>	<u>267.689</u>

### Langtímaskuldir:

Skuldabréfalán .....	16	6.761	8.777
Næsta árs afborganir .....	17	( 2.254 )	( 2.194 )
		<u>4.507</u>	<u>6.583</u>

### Skammtímaskuldir:

Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	17	2.254	2.194
Ýmsar skammtímaskuldir .....	29	<u>116.112</u>	<u>114.240</u>
		<u>118.366</u>	<u>116.434</u>

<b>Skuldir samtals</b>	<b><u>417.247</u></b>	<b><u>390.706</u></b>
------------------------	-----------------------	-----------------------

<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b><u>4.517.006</u></b>	<b><u>4.586.782</u></b>
------------------------------------	-------------------------	-------------------------

Aðrar skuldbindingar: .....	18
-----------------------------	----

# SJÓÐSTREYMI ÁRID 2003

	2003 þús. kr.	2002 þús. kr.
<b>Handbært fé frá rekstri:</b>		
Tap skv. rekstrarreikningi .....	( 85.662 )	( 90.027 )
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Sölutap eigna .....	411	( 706 )
Afskriftir .....	316.094	309.959
Verðbætur af langtímaskuldum .....	619	469
Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar .....	16.858	11.522
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<u>248.320</u>	<u>231.217</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Birgðir, (hækkun), lækkun .....	( 5.888 )	6.395
Skammtímakröfur, (hækkun) .....	( 43.028 )	( 37.606 )
Skammtímaskuldir, hækkun .....	11.295	2.318
<b>Breytingar alls</b>	<u>( 37.621 )</u>	<u>( 28.893 )</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<u>210.699</u>	<u>202.324</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>		
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	( 7.119 )	( 11.992 )
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....		
Raforkukerfi .....	( 122.526 )	( 104.970 )
Hitaveitukerfi .....	( 15.483 )	( 3.385 )
Aðrir rekstrarfjármunir .....	( 48.940 )	( 66.874 )
Söluverð seldra rekstrarfjármuna .....	226	1.492
Keypt hlutabréf .....	7.000	( 7.521 )
Fyrirframgreidd orkukaup, lækkun .....	5.659	2.820
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<u>( 181.183 )</u>	<u>( 190.430 )</u>
<b>Fjármögnumnarhreyfingar:</b>		
Skammtímaskuldir vegna fjárfestingar .....	( 9.423 )	8.384
Greiddar lífeyrisskuldbindingar ársins .....	( 2.730 )	( 2.058 )
Tekin ný lán .....	1.355	1.263
Afborganir langtímalána .....	( 2.087 )	( 2.052 )
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>	<u>( 12.885 )</u>	<u>5.537</u>
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>	16.631	17.431
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>	<u>20.462</u>	<u>3.031</u>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	<u>37.093</u>	<u>20.462</u>



# SKÝRINGAR

## Reikningsskilaaðferðir

- Ársreikningur Orkubús Vestfjarða hf. er gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Sú breyting er á ársreikningnum frá fyrra árum að leiðréttigar vegna fyrra árs eru færðar yfir óráðstafað eigið fé. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð. Að öðru leyti er fylgt í öllum meginatriðum sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Áhrif af þessari breyttu reikningsskilaaðferð er að tap ársins er 10,7 millj. kr. lægra og tap ársins 2002 kr. 13,1 millj. lægra. Samanburðartölum frá fyrra ári hefur verið breytt í samræmi við þessa breytingu.

- Tengigjöld notenda námu alls 44,3 millj. kr. á árinu 2003. Með tilliti til þess að tengigjöld eru einungis 4,4% af rekstrartekjum eru þau tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins.
- Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við þær vísítölur sem tóku gildi 1. janúar 2004 og eru verðbætur færðar í rekstrarreikning.
- Niðurfærslu krafna er ætlað að mæta þeirri áhættu sem fylgir kröfum Orkubúsins á aðra aðila. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Breyting niðurfærslunnar á árinu sundurliðast þannig í þús. kr.:

	2003	2002
Niðurfærsla krafna í ársbyrjun .....	23.084	22.055
Afskrifaðar kröfur á árinu .....	( 10.871 )	( 12.634 )
	<hr/>	<hr/>
Niðurfærsla krafna gjaldfærð á árinu .....	12.213	9.421
	<hr/>	<hr/>
Niðurfærsla krafna í árslok .....	17.850	13.663
	<hr/>	<hr/>
	30.063	23.084

Heildarniðurfærsla í árslok er dregin frá viðkomandi efnahagsliðum í efnahagsreikningi, en breyting hennar á árinu er færð í rekstrarreikning.

- Rekstrarvöruborgir eru metnar við síðasta innkaupsverði.

## Óefnislegar eignir

- Óefnislegar eignir og afskriftir greinast þannig í þús. kr.:

### Virkjanarannsóknir:

Heildarverð 1.1. 2003 .....	97.110
Afskrifað áður .....	( 41.473 )
	<hr/>
Bókfært verð 1.1. 2003 .....	55.637
	<hr/>
Viðbót á árinu .....	7.119
Afskrifað á árinu .....	( 9.830 )
	<hr/>
Bókfært verð 31.12. 2003 .....	52.926
Afskriftarhlutfall .....	10,0%



---

## Skýringar frh.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í þús. kr.:

#### Raforkukerfi:

	Orkuver	Veitukerfi	Samtals
Heildarverð 1.1. 2003 .....	2.901.876	4.704.810	7.606.686
Afskrifað áður .....	( 1.484.359)	( 3.241.502)	( 4.725.861)
Bókfært verð 1.1. 2003 .....	1.417.517	1.463.308	2.880.825
Viðbót á árinu .....	5.071	117.455	122.526
Afskrifað á árinu .....	( 42.822)	( 166.490)	( 209.312)
Bókfært verð 31.12. 2003 .....	1.379.766	1.414.273	2.794.039
Afskriftarhlutföll .....	1,67-5,0%	3,3-4,0%	

#### Hitaveitukerfi:

	Borholur og kyndistöðvar	Dreifikerfi	Samtals
Heildarverð 1.1. 2003 .....	415.493	1.027.396	1.442.889
Afskrifað áður .....	( 320.891)	( 679.379)	( 1.000.270)
Bókfært verð 1.1. 2003 .....	94.602	348.017	442.619
Viðbót á árinu .....	13.743	1.740	15.483
Afskrifað á árinu .....	( 9.757)	( 41.128)	( 50.885)
Bókfært verð 31.12. 2003 .....	98.588	308.629	407.217
Afskriftarhlutföll .....	5,0-10,0%	4,0%	

#### Aðrir rekstrarfjármunir:

	Fasteignir	Bifreiðir, áhöld og annar búnaður	Samtals
Heildarverð 1.1. 2003 .....	870.954	366.341	1.237.295
Afskrifað áður .....	( 318.979)	( 259.742)	( 578.721)
Bókfært verð 1.1. 2003 .....	551.975	106.599	658.574
Viðbót á árinu .....	18.574	30.366	48.940
Selt á árinu .....		( 560)	( 560)
Afskrifað á árinu .....	( 17.470)	( 28.597)	( 46.067)
Bókfært verð 31.12. 2003 .....	553.079	107.808	660.887
Afskriftarhlutföll .....	2,0%	20,0%	

8. Vátryggingarverðmæti bygginga orkuvera og kyndistöðva er alls 689,6 millj. kr. en annarra bygginga 259,9 millj. kr. Fasteignamat skrifstofubygginga nemur 28,0 millj. kr.
9. Í árslok átti Orkubúið 26 bifreiðar, 17 vélsleða, 3 dráttarvélar og 1 lyftara.



## Skýringar frh.

10. Eignfærður framkvæmdakostnaður greinist þannig í þús. kr.:

	2003	2002
Fasteignir .....	18.574	37.098
Virkjanir .....	1.957	26.056
Virkjanarannsóknir .....	7.119	11.992
Díselvélar .....	3.114	5.711
Aðalorkuflutningslínur .....	41.859	7.148
Aðveitulínur .....	13.023	27.847
Aðveitustöðvar .....	26.561	454
Innanbæjarkerfi .....	36.012	37.755
Kyndistöðvar og borholur .....	13.743	2.057
Dreifikerfi hitaveitna .....	1.740	1.328
Bífreiðar .....	7.752	13.918
Áhöld og tæki .....	7.612	5.359
Tölvubúnaður .....	15.002	10.498
	<u>194.068</u>	<u>187.221</u>

Nýframkvæmdir eru afskrifaðar þegar fjárfestingin er tilbúin til notkunar.

## Áhættufjármunir og langtíma kröfur

11. Yfirlit um hlutafjáreign Orkubús Vestfjarða hf. í þús. kr.:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Netorka hf. ....	3,00%	1.000	1.830
Dalsorka ehf. ....	10,00%	445	445
		<u>1.445</u>	<u>2.275</u>

12. Á árinu 1997 var gerður samningur við Ísafjarðarbæ um orkukaup frá sorpbrennslustöðinni Funa. Orkubúið lagði út fyrir stofnkostnaði á lögum frá Funa að kyndistöð í Holtahverfi að fjárhæð 28,4 millj. kr. og færði til tekna undir tengigjöldum. Ísafjarðarbær endurgreiðir Orkubúinu útlagðan kostnað með sölu orku úr Funa til Orkubúsins á árnum 1997 til 2005. Fyrirframgreiðsla Orkubúsins vegna samnings þessa er færð á áhættufjármuni og langtíma kröfur í efnahagsreikning.

## Eigið fé

13. Yfirlit um eiginfjárreikninga í þús. kr.:

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Oráðstafað eigið fé	Samtals
Yfirfært frá fyrra ári .....	3.049.914	1.016.637	129.525	4.195.076
Tap ársins .....			( 85.662 )	( 85.662 )
Endurmat fært .....			( 10.655 )	( 10.655 )
Eigið fé 31.12. 2003 .....	<u>3.049.914</u>	<u>1.016.637</u>	<u>33.208</u>	<u>4.099.759</u>

## *Skýringar frh.*

### **Skuldbindingar**

14. Á Orkubú Vestfjarða hf. hvílir reiknuð skuldbinding vegna lífeyrisréttinda þeirra starfsmanna Orkubús Vestfjarða hf. sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Vegna þessa hefur verið myndaður reikningur vegna lífeyrisskuldbindingar sem færður er meðal skuldaliða í efnahagsreikningi. Lífeyrisskuldbindingin er vegna áunninna lífeyrisréttinda starfsmanna til 1. júlí 2001 og er samkvæmt tryggingafræðilegu mati 31. desember 2003. Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu sundurliðast þannig í þús. kr.:

	<b>2003</b>	<b>2002</b>
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun .....	241.162	218.583
Greiddar lífeyrisskuldbindingar .....	( 2.730 )	( 2.059 )
Framlag ársins vegna lífeyrisskuldbindinga .....	16.858	11.523
Leiðréttting v/fyrri ára .....	10.655	13.115
Lífeyrisskuldbinding í árslok .....	<u>265.945</u>	<u>241.162</u>

Lífeyrisskuldbinding sem hefur myndast eftir 1. júlí 2001 er greiðsluskyld á því ári sem hún myndast og er gerð upp árlega. Aðrar lífeyrisskuldbindingar eru engar í árslok.

15. Skuld þessi er til orðin vegna kaupa Orkubús Vestfjarða hf. á Hitaveitu Reykhólahrepps, þ.m.t. borholu í landi jarðarinnar Kletts í Geiradal á árinu 1996. Lánveitandi er Ríkissjóður Íslands. Lánið er bundið neysluvísítölu og ber 5% vexti. Þegar til orkusölu kemur frá ofangreindri borholu eða mannvirkjum henni tengdum skal verja 20% af brúttótekjum, sem þar fást ár hvert, til greiðslu afborgana og vaxta þar til skuldin er að fullu greidd. Ef lánið er ekki að fullu greitt á 30 árum falla eftirstöðvar niður.

### **Langtímaskuldir**

16. Langtímaskuldir greinast sem hér segir í þús. kr.:

Verðtryggð lán með gjalddögum 2004-2006. Vextir 4%-5% .....	6.761
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	<u>6.761</u>

17. Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár í þús. kr.:

Árið 2004 .....	2.254
Árið 2005 .....	2.254
Árið 2006 .....	2.253
	<u>6.761</u>

### **Skuldbindingar**

18. Á Orkubú Vestfjarða hf. hvíla engar ábyrgðarskuldbindingar.

### **Starfsmannamál**

19. Laun og launatengd gjöld greinast þannig í þús. kr.:

	<b>2003</b>	<b>2002</b>
Laun .....	267.379	266.679
Launatengd gjöld .....	38.370	38.685
Lífeyrisskuldbindingar .....	30.177	18.896
	<u>335.926</u>	<u>324.260</u>
Starfsmenn .....	64	66

Laun stjórnar voru 2,9 millj. kr., orkubússtjóra 11,1 millj. kr. og þriggja deildarstjóra 22,5 millj. kr. Þóknun til endurskoðanda var 0,7 millj. kr.



## Skýringar frh.

### Skatta- og gjaldtökumál

20. Orkubú Vestfjarða hf. greiðir ekki tekju- eða eignarskatt sbr. lög nr. 40 um Orkubúið frá 2001. Orkubúið greiðir tryggingagjald og þjónustugjöld til sveitarfélaga. Orkubúið greiðir 10% fjármagnstekjkatt. Reiknaður fjármagnstekjkattur er 2,6 millj. kr.

Sundurliðanir	2003 þús. kr.	2002 þús. kr.
21. Raforkusala greinist þannig:		
Raforkusala .....	474.961	458.191
Virðisaukaskattur 24,5% .....	( 93.097)	( 89.451)
Raforkusala til hitunar .....	182.519	182.417
Virðisaukaskattur 14% .....	( 24.294)	( 24.281)
Endurgreiðsla virðisaukaskatts 63% .....	15.305	15.297
Afsláttur Landsvirkjunar til húshitunar .....	13.312	14.777
Niðurgreiðslur raforku til húshitunar .....	87.760	95.986
Tekjur vegna varaafls .....	5.536	5.999
	<u>662.002</u>	<u>658.935</u>
22. Sala á heitu vatni greinist þannig:		
Sala á heitu vatni .....	229.636	236.783
Virðisaukaskattur 14% .....	( 28.849)	( 29.654)
Endurgreiðsla virðisaukaskatts 63% .....	18.175	18.682
Veittur afsláttur O.V. af hitaveitusölu .....	( 12.896)	( 14.000)
Niðurgreiðslur hitaveitu til húshitunar .....	79.414	85.168
	<u>285.480</u>	<u>296.979</u>
23. Rekstur orkuvera greinist þannig:		
Vatnsaflsvirkjanir .....	71.684	60.899
Díselvélar .....	25.030	36.883
	<u>96.714</u>	<u>97.782</u>
24. Raforkukaup greinast þannig:		
Raforkukaup frá Landsvirkjun .....	215.527	222.740
Raforkukaup frá RARIK, Dalsorku og Tunguvirkjun .....	20.205	18.186
	<u>235.732</u>	<u>240.926</u>
25. Raforkuflutningur greinist þannig:		
Aðalorkuflutningslínur .....	16.306	20.246
Aðveitustöðvar .....	14.163	10.198
	<u>30.469</u>	<u>30.444</u>
26. Rekstur aðveitu- og dreifikerfis greinist þannig:		
Aðveitulínur .....	2.460	1.359
Innanbæjarkerfi .....	123.615	105.712
	<u>126.075</u>	<u>107.071</u>
27. Útistandandi orkureikningar greinast þannig:		
Orkureikningar í skilum .....	148.642	156.735
Orkureikningar í vanskilum .....	60.152	51.795
Lögfræðiinnheimta .....	4.549	3.903
Gjaldþrotakröfur .....	729	61
Niðurfærsla útistandandi orkureikninga .....	( 29.574)	( 22.887)
	<u>184.498</u>	<u>189.607</u>



## *Skýringar frh.*

		2003 þús. kr.	2002 þús. kr.
<b>28.</b>	Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
	Iðnaðarráðuneytið vegna niðurgreiðslna .....	43.063	31.421
	Sveitarfélög .....	14.687	4.620
	Bundnar bankainnstæður .....	203.123	189.716
	Aðrar skammtímakröfur .....	28.036	14.723
	Niðurfærsla skammtímakrafna .....	( 489)	( 196)
		<b>288.420</b>	<b>240.284</b>
<b>29.</b>	Skammtímaskuldir greinast þannig:		
	Landsvirkjun .....	25.067	12.484
	Virðisaukaskattur .....	9.709	11.021
	Fjármagnstekjuskattur .....	914	1.011
	Lífeyrisskuldbinding til greiðslu árið 2004 .....	13.311	12.076
	Reiknað áunnið orlof .....	29.374	29.374
	Aðrir viðskiptamenn .....	37.737	48.274
		<b>116.112</b>	<b>114.240</b>
<b>30.</b>	Sameiginlegur rekstrarkostnaður greinist þannig:		
	Laun .....	123.577	115.174
	Bifreiðastyrkir .....	12.106	11.134
	Fæðis-/dagpeningar .....	2.887	1.761
		<b>138.570</b>	<b>128.069</b>
	Pappír, prentun og ritföng .....	2.359	2.299
	Sími og burðargjöld .....	2.117	2.180
	Viðhald búnaðar .....	213	399
	Auglýsingar .....	564	558
	Bifreiðakostnaður .....	2.652	2.388
	Tölву- og forritunarkostnaður .....	10.742	10.586
	Gjafir, risna og starfsmannakostnaður .....	1.376	1.550
	Ýmsir styrkir og framlög .....	994	1.195
		<b>21.020</b>	<b>21.155</b>
	Almennur skrifstofukostnaður .....		
	Fargjöld og dvalarkostnaður .....	4.291	4.519
	Ráðstefnugjöld og námskeið .....	822	829
	Sérfræðibjónusta .....	2.945	3.934
	Niðurfærsla krafna sbr. skýr. 4 .....	17.850	13.663
	Verðbreytingar á lager og fl. ....	( 484)	311
	Flutningsgjöld .....	1.960	1.376
	Rekstur fasteigna .....	14.446	10.420
	Vátryggingar .....	2.885	2.816
	Gjald til Löggingdingastofu og önnur opinber gjöld .....	3.925	3.371
	Árgjald Samorku .....	870	727
	Annar kostnaður .....	2.622	1.239
		<b>52.132</b>	<b>43.205</b>
	Annar rekstrarkostnaður .....		
	Alls .....	<b>211.722</b>	<b>192.429</b>



# REKSTRAR- OG EFNAHAGSSTÆRÐIR

## Á verðlagi hvers árs, millj. kr.

	2003	2002	2001	2000	1999
Heildareignir .....	4.517	4.587	4.657	4.390	4.237
Eigið fé .....	4.100	4.196	4.299	4.067	3.984
Rekstrartekjur .....	1.011	986	935	871	856
Rekstrargjöld .....	800	790	757	707	689
Afskriftir .....	316	310	290	260	240
Rekstrahagnaður fyrir afskr. og vexti .....	211	195	178	164	168
Tap .....	( 86)	( 103)	( 113)	( 83)	( 62)
Veltufé frá rekstri .....	259	231	245	211	207
Fjárfestingar í veitukerfi .....	194	187	353	245	168

## Kennitölur


Hagnaðarhlutfall, % .....	( 8,47)	( 10,46)	( 12,05)	( 9,50)	( 7,21)
Arðsemi eigna, % .....	( 2,32)	( 2,47)	( 2,52)	( 2,21)	( 1,73)
Arðsemi eigin fjár, % .....	( 2,01)	( 2,37)	( 2,66)	( 2,03)	( 1,57)
Lausafjárlutfall .....	4,33	3,89	3,77	4,67	5,55
Veltufjárlutfall .....	5,03	4,55	4,56	5,40	6,46
Hagnaður/skuldir, % *) .....	50,49	50,02	49,74	50,67	58,19
Eiginfjárlutfall, % .....	90,76	91,48	92,32	92,63	93,25

## Magntölur


Orkusala, GWh .....	193	201	194	193	193
Eigin orkuvinnsla, GWh .....	92	90	84	89	89
Forgangsorkukaup, GWh .....	60	67	68	63	68
Ótryggð orkukaup, GWh .....	76	76	74	74	67
Starfsmannafjöldi .....	64	66	68	68	66

\*) Árlegur rekstrahagnaður fyrir afskriftir og vexti sem hlutfall af heildarskulduum.

Tekjur og rekstrargjöld  
Miðað við verðlag 2003



Veltufé frá rekstri og rekstrarafkoma  
Miðað við verðlag 2003



Tekjur  
Rekstrargjöld

Veltufé  
Rekstrarafkoma



## RAFMAGN Í 100 ÁR



Orku þarf til þess að framleiða rafmagn. Hana þarf að beisla á þann hátt að við getum breytt henni í nothæft form. Orkan birtis í náttúrunni á ólíkan hátt. Hún birtist í vindi, ám, gufu, eldi, sjávarstraumum, kjarnorku eða geislum sólar. Beislun orku er viðfangsefni þeirra sem framleiða vilja rafmagn.

### Beislun vatnsafls

EKKI er nákvæmlega vita hvenær Íslendingar hófu að beisla vatnsafl. Elstu minjar sem fundist haf um beislun vatnsorku eru frá Rofastöðum í Fljótshlíð. Þar fannst kornmylluhús frá miðoldum í lækjarfarvegi árið 1881. EKKI verður saga beislun vatnsaflsin rakin nánar hér en til fróðleiks höfðu Vestfirðingar beislað vatnsaflid fyrir rúnum tveimur öldum.

Árið 1781 kom út í Kaupmannahöfn bók er nefnist „Stutt undirvisan um vatnsmilur sem uppteknar voru í Barðastrandarsýslu 1778“ eftir Bjarna Einarsson, sýslumann Barðstrendinga. Bjarni hafði þá smíðað vatnsmyllu og sagði að í Barðastrandarsýslu væru þá fimm vatnsmyllur sem allar voru notaðar til að mala korn til méls. Hafði hann látið „hið konunglega General Tollcammeri“ vita af smíð þessari. Höfðu yfirvöld verið hrifin af framtaki Bjarna og töldu að myllur yrðu til gagns fyrr Ísland. Bjarni var beðinn um að skrifa á móðurmáli sínu lýsingu á vatnsmyllum svo landar hans gætu smíðað sínar eigin myllur samkvæmt þeirri lýsingu. Má segja að Bjarni Einarsson sýslumaður hafi fyrstur manna kynnt vatnsvirkjunarfæði hér á landi.

Undir lok 19. aldar höfðu menn náð tökum á rafmagninu og þeir áttuðu sig á því að vatnsorka var öflugur orkugjafi við raforkuframleiðslu.

Íslendingar fylgust grannt með þróun raftækninnar. Blöðin báru þeim fréttir af heimssýningunni í París árið 1881 þar sem kynntar voru nýjustu uppgötvunar í rafmagnsfræðum. Þar mátti sjá rafhlöður, bogaljós, rafala og kolpráðar-

lampann sem Edison fann upp 1879. Sýning þessi markaði þáttaskil því að með henni gekk öld rafmagnsins í garð.

Við getum sagt að Íslendingar hafi hafið virkjanaðu sína með því að beisla bæjarlækinn.

### Upphaf rafvæðingar

Sá sem fyrstu kom sér upp vatnsaflsrafstöð var Jóhannes Reykdal árið 1904. Hafði hann sett upp trésmíðaverkstæði í Hafnarfirði. Trésmiðjan var búin átta fullkomnum trésmíðavélum og staðsetningin var engin tilviljun, því Jóhannes virkjaði lækinn og fékk þar orku til að knýja vélarnar áfram. Jóhannes létt ekki staðar numið þótt hann væri kominn með orku til að knýja vélarnar, hann vildi nýta lækinn betur og framleiða rafmagn. Árið 1904 fór hann til Noregs og festi kaup á rafal og setti sig í samband við fyrsta íslenska raffræðinginn, Halldór Guðmundsson, sem nýkominn var úr námi í Þýskalandi. Með hjálp Halldórs setti Jóhannes upp rafalinn og einn starfsmanna hans, trésmiðurinn Árni Sigurðsson, lagði raflagnir. Þann 12. desember þetta sama ár urðu þáttaskil í sögu þjóðarinnar. Þá tók virkjunin til starfa og ljós voru kveikt í 15 húsum í Hafnarfirði, auk trésmiðjunnar. Þar á meðal voru tvö stærstu hús bæjarins, barnaskólinn og Góðtemplarhúsið. Einnig voru tendruð fjögur götuljós.

Rafvæðing Íslands var hafin. Eins og gefur að skilja varð strax mikil eftirspurn eftir rafmagninu hans Jóhannesar og trésmiðjuvirkjunin annaði engan vegin eftirspurn, jafnvel þótt Jóhannes hafi bætt nýju vatnshjóli við virkjunina. Jóhannes fór því aftur af stað, fékk vatnsréttindi ofar í læknum og reisti á eigin spýtur nýja rafstöð, á svo kölluðum Hörðuvöllum, sem fyrst um sinn fullnægði allri eftirspurn eftir rafmagni í Hafnarfirði. Þetta er fyrsta sjálfsstæða rafstöðin á Íslandi og hún tók til starfa haustið 1906 og framleiddi 37 kW. Á þessum tíma var ekki hægt að mæla rafmagnsnotkun heimilanna þannig að Jóhannes tók til þess ráðs að selja perur. Hann einn seldi per-



Mýrarárvirkjun 60 kW minnsta virkjun Orkubúsins, gangsett 1965. Virkjun Jóhannesar á Höðuvöllum var 37 kW og tók til starfa 1906.

urnar og þegar pera sprakk þurfti fólk að skila ónytu perunni til þess að kaupa nýja. Áður en Hörðuvallavirkjunin kom mátti einungis hafa tvær perur í hverju húsi, þótt perustæðin væru fleiri.

Fyrstu virkjanirnar voru litlar enda komið upp í smálækjum og ám, þannig að vatnsförinn var æði mismunandi eftir árstíðum. Hætt er við að vatnsskortu hafi háð rafmagnsframleiðslunni köldustu mánuðina þegar menn höfðu mest þörf fyrir birtu kolpráðarslampans.

EKKI gátu þessar litlu rafstöðvar fullnægt orkuþörf alls þorra manna. Yfirvöld í hinum ýmsu bæjarfélögum leituðu því til sérfræðinga eftir aðstoð við að virkja stór fallvötn, þannig að unnt væri að framleiða næga raforku fyrir íbúana. Þar með var farið að vinna að rafvæðingu á skipulegri hátt en áður. Enn í dag er byggt á sams konar grunnathugum við undirbúning virkjana og frumkvöölarnir unnu eftir á fyrstu áratugum 20. aldar.

### Rafvæðing á Ísafirði

Á félagsfundum í lönaðarmannafélagi Ísafirðinga vorum bæjarmál oft á dagskrá, og voru þar rædd bæði stór mál og smá. Mál tengt vélum og véaiðnaði var tekið upp á félagsfundum á árinu 1904, en þá var allnokkuð rætt um það, hvort mætti nýta sjávarföll í Pollinum til að knýja vélar, en ekkert varð úr framkvæmdu eða tilraunum í þá veru. Allt frá árinu 1905 var raflýsing Ísafjarðarkaupstaðar og bygging vatnsaflsvirkjunar í Úlfá þráfaldlega á dagskrá lönaðarmannafélagsins og var svo komið árið 1914, að margt bent til þess, að hafist yrði handa um framkvæmdir. Fyrsta rafveitunefnd Ísafjarðarkaupstaðar var skipuð árið 1913. Af því varð þó ekki vegna heimsstyrjaldarinnar,

og notkun rafmagns til iðnaðar var ekki almenn í bænum fyrr eftir 1920. Raflýsingarfélag Ísafjarðar hf. var stofnað 1920 og tók til starfa árið eftir og voru þá notendur 60 fyrsta árið og var rafmagnið framleitt með olíu.

Olía var aðalorkugjafinn á Vestfjörðum allt til 10. október 1980 þegar Vesturlína var tekin í notkun. Orkunotkunin jökst svo hratt að vatnsaflsvirkjar sem voru reistar gátu engan vegin sinnt eftirspurnnni nema í skamman tíma. Fossavatnsvirkjun tók til starfa árið 1937, Nónhornsvatnsvirkjun árið 1946, Mjólkárvirkjun I og Reiðhjallavirkjun tóku til starfa 1958 allar þessar virkjanir og díselstöðvar voru samtengdar 1960. Mjólkárvirkjun II tók til starfa árið 1975.

### Lokaorð

Á þeim hundrað árum sem liðin eru frá því að húsin sextán komust í straumsamband í Hafnarfirði hefur íslenskt samfélag tekið stakkaskiptum. Ný tæknin hefur komið til sögunnar á nánast öllum sviðum þjóðlífssins. Dregið hefur úr erfiðisvinnu, lífslíkur fólks hafa aukist og lífskjör batnað. Þáttur raforkunnar í þessum framförum er stór. Rafmagnið hefur umbylt samfélagini á einni öld. Íslensk orkufyrirtæki voru í farabroddi í þeirri byltingu, og mega vera stolt með árangurinn.


### Heimildir:

Helgi Kristjánsson. Birta, afla og ylur. Saga Rafmagnsveitna ríkisins í 50 ár 1947-1997.

Jón P. Þór. Saga Ísafjarðar og Eyrahrepps hins forna. II. Bindi.

Samorka. Kveikt á perunni. Rafmagn á Íslandi í 100 ár.

# RAFORKUKERFI ORKUBÚS VESTFJARÐA





# REKSTRARTRUFLANIR 2003


Rekstrartruflanir í raforkukerfinu urðu alls 207 á árinu og hafa ekki verið færri frá því að skráning truflana hófst. Fyrirvaralausar truflanir voru 95, 18 fyrirvaralitlar og 94 vegna skipulagðs viðhalds.

Truflanir frá orkugjafa að rafalaúttaki urðu 29, frá rafalaúttaki að lágpennuvafi á dreifispenni 149 og frá dreifispenni að raflögn notenda 32.

21. september var mikið um útslætti vegna samslátta á loftlínum, ísklepræðra einangrara í tengivirkjum og á línum. Langflestur eða um 20% fyrirvaralausra truflana ársins urðu í september.

22. mars stöðvaðist Reiðhjallavirkjun þar brotnaði öxultengi milli rafala og kasthjólsöxls og bæði leguhúsin á kasthjólsöxi. Aflrofi brann auk liða og tengdum búnaði. Öxultengið klofnaði og partar úr því brutu rúður, skemmdu flísar og fl. Virkjunin var gangsett aftur 19. maí.

*Heildarfjöldi rekstrartruflana í raforkukerfinu 1993-2003*




*Reiðhjallavirkjun, brotið öxultengi milli rafala og kasthjólsöxls.*

Flestur truflanir eru vegna loftlína eða um 47% og veður var orsök um 80% loftlinutruflana á árinu. 66 kV Ísafjarðarlína 1 var aftengd í nokkra mánuði vegna vinnu við snjóflóðavarnargarð á Ísafirði. Truflanamestu flutningslínurnar voru Bolungarvíkurlína 1 (Breiðidalur-Bolungarvík) 7 truflanir og Tálknafjarðarlína 1 (Mjólká-Keldeyri) 5 truflanir. Flestar truflanir á dreifilínum urða á Drangsneslínu 1 (Hólmavík-Drangsnes) með 10 truflanir og Norðlínú 1 (Steingrímsfjörður-Árneshreppur) með 8 truflanir.

Á Vesturlínu Landsvirkjunar urðu 7 truflanir þar af 5 fyrirvaralausar en þær bilanir hafa lang víðtækustu áhrifin.

Bilanir í hitaveitukerfum urðu 26 en voru 22 árið áður. Flestar bilanir voru á Ísafirði eða 11. Orsök 85% bilana er lagningagalli og ytri áverkar vegna jarðvinnuvéla.

*Skipting rekstrartruflana í raforkukerfinu árið 2003 á milli rekstrareininga.*




*Bilun heimtaug á 2m dýpi, Seljalandsvegi Ísafirði.*


# RAFORKUFRAMLEIÐSLA VATNSAFLSVIRKJANA

	Ástimplað afl kW	Framleiðsla 2003 MWh	Framleiðsla 2002 MWh	Meðaltal 1993-2003 MWh	Aukning % 2003 miðað við meðaltal	Aukning % 2003 miðað við 2002
Mjólkárvirkjun .....	8.100	63.911	60.629	58.359	9,51	5,41
Þverárvirkjun .....	2.200	6.744	5.597	4.777	41,18	20,50
Rafstöðin á Fossum .....	1.100	5.004	4.568	4.697	6,53	9,52
Reiðhjallavirkjun .....	520	1.477	1.593	1.829	-19,27	-7,27
Blævardalsárvirkjun .....	300	872	601	837	4,24	45,17
Mýrarárvirkjun .....	60	149	253	239	-37,67	41,07
Samtals	12.280	78.157	73.241	70.738	10,49	6,71

Raforkuframleiðsla vatnsaflsvirkjana 1983 – 2003



Orkuöflun 1978 – 2003






# KYNDISTÖÐVAR


	Árið 2003 – Orkunotkun						2002	
	Uppsett afl	Afltoppur	Olía	Raforka	Sorp/borhola	Samtals	Orkunotkun	Samtals
	Oliukatla MW	Raforka MW	Raforka MW	MWh	MWh	MWh	MWh	MWh
Skutulsfjarðareyri .....	10,00	10,00	7,24	1.462	34.574		36.036	37.877
Holtahverfi, Ísafirði .....	3,00	1,00	1,06	147	1.928	4.381	6.456	6.661
Bolungarvík .....	3,00	3,00	2,39	231	12.389		12.620	12.995
Patreksfjörður .....	3,00	3,00	2,83	249	13.672		13.921	14.458
Flateyri .....	2,00	1,00	1,08	3	4.977		4.980	5.109
Suðureyri .....	3,00	1,00	0,97		4.796	2.185	6.981	7.199
<b>Samtals</b>	<b>24,00</b>	<b>19,00</b>	<b>15,57</b>	<b>2.092</b>	<b>72.336</b>	<b>6.566</b>	<b>80.994</b>	<b>84.299</b>

Þróun orkuverðs 1978 – 2003



Almennur taxti 1978 = 100. Miðað við taxta A.1 og 4.000 kWh notkun á ári. Leiðrétt mv. byggingarvísitölu.

GWh Skipting orkusölu 1978 – 2003




# RAFORKUFRAMLEIÐSLA DÍSELSTÖÐVA




	Astimplað afl kW	Framleiðsla 2003 MWh	Framleiðsla 2002 MWh
Reykjanes .....	620	46	266
<b>Samtals Djúp</b>	<b>620</b>	<b>46</b>	<b>266</b>
Ísafjörður .....	5.000	109	194
Bolungarvík .....	3.310	32	145
Súðavík .....	1.180	21	64
Suðureyri .....	700	15	16
Flateyri .....	440	1	35
Þingeyri .....	1.500	4	50
<b>Samtals svæði I</b>	<b>12.130</b>	<b>182</b>	<b>504</b>
Bíldudalur .....	1.150	12	69
Tálknafjörður .....	420	1	16
Patreksfjörður .....	4.100	129	328
Flatey .....	60	105	121
<b>Samtals svæði II</b>	<b>5.730</b>	<b>247</b>	<b>534</b>
Reykholar .....	700	25	26
Hólmavík .....	1.250	18	27
Drangsnes .....	420	2	7
<b>Samtals svæði III</b>	<b>2.370</b>	<b>45</b>	<b>60</b>
<b>Alls</b>	<b>20.850</b>	<b>520</b>	<b>1.364</b>

Orkuöflun v/hitaveitusölu 2003  
Samtals 90 GWh



Eigin vinnsla 14,5 % Orkukaup 85,5 %

Orkuöflun v/raforkusölu 2003  
Samtals 142 GWh



Eigin vinnsla 55,4 % Orkukaup 44,6 %



## ORKUÖFLUN

	Orkuöflun 2003 MWh	Hlutdeild í heildarorku- öflun %	Orkuöflun 2002 MWh	Mismunur '03-'02 %
Vatnsaflsvirkjanir . . . . .	78.157	33,73	73.241	6,71
Díselrafstöðvar . . . . .	520	0,22	1.364	-61,88
Svartolíukatlar . . . . .	2.092	0,90	4.827	-56,66
Jarðhiti *) . . . . .	10.976	4,74	10.700	2,58
<b>Samtals eigin vinnsla</b>	<b>91.745</b>	<b>39,59</b>	<b>90.132</b>	<b>1,79</b>
Forgangsorka frá L.V. . . . .	52.740	22,76	60.488	-12,81
Ótryggð orka frá L.V. . . . .	75.668	32,65	75.968	-0,39
Forgangsorka frá RARIK . . . . .	1.884	0,81	1.983	-4,99
Forgangsorka frá Sængurfoss . . . . .	1.092	0,47	876	24,60
Forgangsorka frá Dalsorku . . . . .	3.284	1,42	2.754	19,27
Forgangsorka frá Tunguvirkjun . . . . .	948	0,41	676	40,23
Sorpbrennsla, Funi . . . . .	4.381	1,89	4.467	-1,93
<b>Samtals orkukaup</b>	<b>139.997</b>	<b>60,41</b>	<b>147.212</b>	<b>-4,90</b>
Orkuöflun v/raforkusölu . . . . .	141.958	61,26	144.527	-1,78
Orkuöflun v/hitaveitusölu . . . . .	89.784	38,74	92.817	-3,27
<b>Heildarorkuöflun</b>	<b>231.742</b>		<b>237.344</b>	<b>-2,36</b>

\*) Áætlað

## ORKUSALA 2003, MEÐALVERÐ

Gjaldskrárliðir	Sala MWh	Orkugjöld mkr.	Fastagjöld mkr.	Samtals mkr.	Meðalverð kr/kWh
Almenn notkun . . . . .	29.375	191.664	16.988	208.652	7,10
Utanhússlýsing . . . . .	2.134		12.401	12.401	5,81
Búrekstur og sumarhús . . . . .	7.024	33.139	4.181	37.320	5,31
Vélar og aflmæling . . . . .	28.295	68.536	79.932	148.468	5,25
Ótryggð orka . . . . .	3.332	4.609	805	5.414	1,62
Hitun íbúðarhúsnæðis . . . . .	36.692	161.603	22.131	183.734	5,01
Hitun, annað . . . . .	11.578	51.321	5.777	57.098	4,93
Hitaveita, íbúðarhúsnæði . . . . .	41.771	174.166	19.359	193.525	4,63
Hitaveita, stórnottendur . . . . .	18.212	38.376	2.422	40.798	2,24
Hitaveita, annað . . . . .	14.092	61.276	3.792	65.068	4,62
<b>192.505</b>	<b>784.690</b>	<b>167.788</b>		<b>952.478</b>	<b>4,95</b>

Meðalverð er verð til Orkubús án skatta og að viðbættum niðurgreiðslum.

# ORKUSALA

Gjald-skrá-liður	Heiti	Mæla-fjöldi	MWh 2003	MWh 2002	Mismunur '03-'02 %
A1	Almenn notkun .....	4.374	29.375	29.081	1,01
A3	Utanhússlýsing *) .....	43	2.134	2.126	0,39
A4	Sumarbústaðanotkun .....	87	1.087	1.156	-5,96
A5	Búrekstur .....	136	5.937	6.216	-4,48
B1	Vélar, afrmæling .....	59	28.295	27.812	1,73
B13	Ótryggð orka .....	5	3.332	3.146	5,92
C1	Hitun íbúðarhúsnæðis .....	1.303	36.341	39.114	-7,09
C2	Næturhitun íbúðarhúsnæðis .....	7	351	383	-8,42
D1	Hitun, annað .....	339	11.451	12.479	-8,24
D3	Varmadælur .....	3	127	138	-7,94
H49	Hitaveita, íbúðarhúsnæði **) .....	1.146	41.771	44.861	-6,89
H498	Hitaveita, stórnottendur **) .....	18	18.212	19.146	-4,88
H48	Hitaveita, annað .....	225	14.092	15.326	-8,06
<b>Samtals</b>		<b>7.745</b>	<b>192.505</b>	<b>200.984</b>	<b>-4,22</b>

\*) Notkun áætluð miðað við 4.500 nýtingartíma.

\*\*) Notkun er áætluð á Suðureyri 35 kWh og á Reykhólum 52 kWh úr m3 vatns.

Orkusala

